

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefnd heimavistarskóla í Krísvík.

Skólaskipan heimavistarskólans í Krísvík.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið og samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi (SASÍR) reisa og reka sameiginlega heimavistarskóla í Krísvík fyrir börn á skólaskyldu-aldri.

2. gr.

Skólinn er fyrst og fremst fyrir börn, sem búa við bágar heimilisástæður og önnur þau börn, sem vista þarf burt úr sinni heimabyggð af félagslegum ástæðum og heppilegt þykir að koma fyrir í heimavistarskóla að dómi sérfróðra manna. Í skólann verða ekki tekin treggreind börn eða önnur þau börn, sem þurfa sérfræðilega meðferð.

Skólinn verður sem líkastur venjulegum heimavistarskóla að öðru leyti en því, að gert verður ráð fyrir meiri félagsstarfsemi og einstaklingshjálp en í venjulegum heimavistarskóla.

Skólinn starfar í 9 mánuði á ári. Gert er ráð fyrir, að meirihluti barnanna dvelji í skólanum um helgar og stórhátíðir.

3. gr.

Stjórn SASÍR skipar skólanefnd heimavistarskólans í Krísvík til 4ra ára í senn. Skal hún skipuð þremur aðalfulltrúum og jafn mörgum til vara.

4. gr.

Skólanefndin hefur á hendi stjórn þeirra mála, er skólann varða í umboði stjórnar SASÍR, undir yfirumsjón fræðslustjóra Reykjanesumdæmis samkvæmt því, er nánar greinir í erindisbréfi þessu. Í störfum sínum skal skólanefnd keppa að því, að nemendur hljóti sem besta aðstöðu til að öðlast þá fræðslu, sem ætlast er til, að skólinn veiti, hver eftir sínum aldri og þroska.

5. gr.

Skólanefndin lætur skólastjóra í té skrá um þá nemendur, er vera eiga í skólanum, en skólastjóri gerir skólanefnd aðvart, ef nemandi kemur ekki í skólann.

6. gr.

Umsókn um skólavist skal koma til skólanefndar. Skólanefnd skal afla umsagnar viðkomandi skólastjóra og skólasálfræðings um hverja umsókn fyrir sig.

Skólanefndin hefur úrskurðarvald um inntöku nemenda í skólann, nemendafjölda og annað er nemandur varðar, í samráði við skólastjórn heimavistarskólans í Krísvík og forstöðumann sálfræðipjónustunnar í Reykjanesumdæmi.

7. gr.

Viðhald skólahúsnaðisins er í höndum skólanefndar. Annast nefndin allar fjárhagslegar skuldbindingar og samninga þar að lútandi eftir nánar ákvörðun stjórnar SASÍR.

8. gr.

Skólastjóri hefur full umráð skólahúsnæðis til afnota fyrir nemendur og kennara skólans, en að öðru leyti eru umráð þess í höndum skólanefndar. Hafa skal samráð við skólastjóra um aðra notkun skólahúsnæðisins.

Kennslutæki o. fl.

9. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að skólinn hafi auk húsnæðis allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um viðhald alls þessa og aukningu eftir þörfum.

10. gr.

Í tæka tíð, áður en skólaárið hefst, skal skólanefnd eða skólastjóri (kennari) fyrir hennar hönd senda Ríkisútgáfu námsbóka skrá yfir þær námsbækur, sem talið er, að þurfi á því skólaári til útbýtingar meðal fræðsluskyldra nemenda. Ef þörf krefur, er skólanefnd skylt að annast um útvegum á öðrum bókum, ritföngum, kennsluáhöldum, handavinnuefni og öðru, sem þarf, til þess að kennslan geti komið að tilætludum notum.

Um kennara og annað starfsfólk.

11. gr.

Losni skólastjóra- eða kennarastaða við skólann eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það menntamálaráðuneytinu, sem sér þá um, að staðan verði auglýst.

12. gr.

Hafi kennarastaða eða skólastjórastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan menntamálaráðuneytinu umsóknirnar ásamt tillögum sínum þar um. Skólanefnd skal mæla með þeim umsækjendum um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum þeim, er skólinn heyrir undir, til þess að vera skipaður kennari, svo fremi að nægar umsóknir berist frá mönnum með ótvíræð kennararéttindi. Hið sama gildir einnig um ráðningu stundakennara.

13. gr.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefur verið, og telur hún þá þann umsækjandann fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur, að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

14. gr.

Stundakennara og annað starfsfólk skólans ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar, svo og forfallakennara, ef þörf krefur.

15. gr.

Í lok kennslutímans ár hvert skal skólanefnd kynna sér, hvort settur skólastjóri eða kennari við skólann hefur hug á að vera áfram í stöðu sinni. Óski kennari að halda stöðunni og skólanefnd fellst á það, ber henni að tilkynna það menntamálaráðuneytinu. Telji skólanefnd rétt að auglýsa stöðu setts kennara, ber henni að tilkynna kennaranum það eigi síðar en að loknu vorprófi.

16. gr.

Þegar settur skólastjóri eða kennari við skólann hefur gegnt stöðu sinni í 2 ár, skal skólanefnd gera tillögu til menntamálaráðuneytisins um, að hann verði skipaður í stöðu sína eða óska þess, að staðan verði auglýst.

17. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um árlegan starfsmánaðafjölda skólans, svo og um breytingar á þegar ákveðnum starfstíma, ef aðstaða breytist vegna nemendafjölda o. fl.

18. gr.

Heimilt er skólastjóra með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis að fækka skyldustundum kennara, ef sérstök ástæða þykir til vegna annarra starfa í þágu skólans. Einnig má taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðinn er árlegur starfsmánaðafjöldi kennara.

19. gr.

Kennsluskylda skólastjóra er ákveðin í erindisbréfi hans. Þó getur skólanefnd gert tillögur til menntamálaráðuneytisins um fækkun skyldustunda skólustjóra, vegna sérstöðu skólans og ef þess er talin þörf vegna annarra starfa í þágu skólans.

Um kennslu og próf.

20. gr.

Skólanefndin hefur ekki bein afskipti af sjálfu kennslustarfi skólans, stundaskrá, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara. Hins vegar ber henni að fylgjast með störfum skólans eftir föngum og gera menntamálaráðuneytinu aðvart, ef um alvarlegar misfellur er að ræða. Þá skal skólanefnd sjá um, að skólinn starfi tilskilinn tíma ár hvert.

21. gr.

Um próf fer eftir reglugerð þar um.

Um fjármál.

22. gr.

Skólanefndin hefur umsjón með fjármálum skólans og reikningshaldi. Skrifstofa SASÍR annast bókhald og gjaldkerastörf fyrir skólann. Reikningsár skólans miðast við almanaksár. Skólanefnd semur áætlun um kostnað við skólalahaldið ár hvert, svo og stofnkostnað, þegar um hann er að ræða, og sendir stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi fyrir 15. september ár hvert til staðfestingar. Auk þess semur skólanefnd áætlun um kostnað og starfsemi skólans fyrir hvert skólaár samkvæmt lögum um skólakostnað.

23. gr.

Fyrir 15. febrúar ár hvert, skal reikningshaldari skólans gera reikning yfir kostnað vegna skólalahaldsins og senda hann menntamálaráðuneytinu og stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi.

Um skýrslugerð o. fl.

24. gr.

Skólustjóri semur skýrslur um skólalahald, próf o. fl., en formaður skólanefndar staðfestir réttmæti þeirra og veitir skólustjóra upplýsingar eftir þörfum.

25. gr.

Skólanefnd heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Óski einn eða fleiri skólanefndarmenn eftir fundi, skólastjóri eða fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, skal formaður nefndarinnar boða til fundar svo fljótt sem auðið er. Skólastjóri skal jafnan boðaður á skólanefndarfund. Skólastjóri og fræðslustjóri Reykjanesumdæmis hafa málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meiri hluti hennar sé á fundi. Skólanefndarmenn hafa ekki atkvæðisrétt í þeim málum, er varða þá persónulega. Skólanefndarfundur telst löglegur hafi hann verið boðaður með minnst 2ja daga fyrirvara.

26. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir og ályktanir skólanefndar. Viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina. Fundargerðabók, afrit af skýrslum og sendum bréfum skulu vera í vörslu formanns skólanefndar eða á öðrum öruggum og tiltækum stað, ef hentara þykir. Afrit af fundargerðum og skýrslum skólanefndar skulu send stjórn SASÍR og fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

27. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist sem annar rekstrarkostnaður skólans. Nefndin er ólaunuð.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Höfðahreppi.****1. gr.**

Höfðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupþúnsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv. innan kaupþúnsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind eða tunnu, sem smíðuð er fyrir pokann, og skal lok vera yfir og þessu komið fyrir á stað, sem auðvelt er að komast að til losunar.